LISTIR

Metaðsóknarsýningu Ólafs Elíassonar í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsinu lýkur um helgina

„Samtímalist á erindi við alla“



Morgunblaðið/Sverrir

Ólafur Elíasson spjallar við gesti á sýningu sinni, Frostvirkni eða Frost Activity, í Hafnarhúsinu.

FROST Activity, metaðsóknarsýning Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu, rennur sitt skeið á enda á sunnudag, en þá hefur hún staðið yfir í þrjá mánuði og viku betur. Á þessu tímabili hafa tæpleg 39.000 manns séð þessa sýningu á verkum Ólafs Elíassonar.

„Sýningin hefur ekki síður hreyft við yngri kynslóð þjóðarinnar. Frá því sýningin var opnuð hafa skipulagðar heimsóknir skólahópa í safnið aukist jafnt og þétt frá degi til dags. Upp á síðkastið hefur starfsfólk fræðsludeildar safnsins tekið á móti allt að tólf aðskildum skólahópum á dag og boðið þeim leiðsögn við hæfi en hóparnir standa saman af leikskólabörnum til háskólastúdenta. Nú hafa 320 hópar skólafólks eða um 9.000 nemendur séð Frost Activity og notið leiðsagnar fagfólks við afar jákvæðar og góðar undirtektir nemenda sem kennara. Til samanburðar má geta þess að Listasafn Reykjavíkur tekur að meðaltali á móti 345 hópum skólafólks í öll þrjú hús safnsins á ári,“ segir Soffía Karlsdóttir kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur.

Í tengslum við sýninguna hefur Listasafn Reykjavíkur einnig staðið fyrir reglubundinni sunnudagsleiðsögn einu sinni til tvisvar á dag. Auk þess fjölbreyttum viðburðum s.s. listasmiðjum, fyrirlestrum, listamannsspjalli, fjölskylduleikjum og fjölskyldunámskeiðum. Á sýningartímabilinu kom einnig út sýningarskrá sem Gunnar J. Árnason ritaði sem er minnisvarði um sýninguna um ókomna tíð.


Aldrei meiri athygli erlendis

Soffía segir að sjaldan eða aldrei hafi sýningar Listasafns Reykjavíkur hlotið jafnmikla athygli utanlands og Frost Activity en hún hefur laðað að sér fjölda erlendra ferðamanna, blaðamanna, listaverkasafnara og gagnrýnenda. „Afrakstur þessara heimsókna hefur í senn skilað góðri kynningu fyrir safnið, höfuðborgina, ferðaþjónustuna og lista- og menningarlífið í landinu auk lofsamlegrar umfjöllunar um listamanninn og verk hans í erlendum fjölmiðlum.

Heimsóknir sem þessar og kynni við hina ólíku, erlendu gesti er mikil lyftistöng fyrir safnið og mun án efa nýtast starfsemi þess í framtíðinni.“

Soffía segir að Listasafn Reykjavíkur hafi aldrei fyrr ráðist í eins stórhuga verkefni og umræddda sýningu Ólafs Elíassonar. „Útkoman færir heim sanninn að samtímalist á erindi við alla og þjóðin vill sjá og upplifa myndlist þeirra myndlistarmanna sem hlotið hafa viðurkenningu á alþjóðavísu. Framtakið er Listasafni Reykjavíkur hvatning til að stuðla enn frekar að kynningu á alþjóðlegri samtímalist eins og hún gerist best hverju sinni og sinna um leið einu meginhlutverki sínu – að vera uppeldis- og menntastofnun myndlistar fyrir æskuna í landinu.“

Hafnarhúsið er opið daglega frá kl. 10–17.



Morgunblaðið/Kristinn

Ólafur Kjartan Sigurðarson sem rakarinn í Sevilla.

Hreppamenn syngja á Flúðum

KARLAKÓR Hreppamanna heldur tónleika á Flúðum kl. 21 annað kvöld, laugardagskvöld. Kórinn heldur einnig tónleika í Langholtskirkju kl. 20 á þriðjudagskvöld.

Einsöngvari með kórnum er Ólafur Kjartan Sigurðarson. Stjórnandi er Edit Molnár en undirleikari Miklós Dalmay. Efnisskráin er fjölbreytt úrval innlendra og erlendra laga.

Karlakór Hreppamanna hefur starfað í sjö ár og eru söngfélagar nú 44, búsettir víðsvegar í uppsveitum Árnessýslu. Stjórnandi og undirleikari hafa verið þau sömu frá upphafi og hefur kórinn vaxið og dafnað undir öruggri handleiðslu þeirra, segir í kynningu.


Skáldastefna á Hótel Borg

Á SKÁLDASTEFNU forlaga Eddu útgáfu á Degi bókarinnar í kvöld koma saman um 25 rithöfundar og ljóðskáld sem öll eru almenningi vel kunn fyrir verk sín. Stefnan verður á Hótel Borg og hefst kl. 20.


Einnig verður myndasýning úr ritinu Íslensk spendýr sem kemur út hjá Vöku-Helgafelli í maí. Að sögn Kristjáns B. Jónassonar þróunarstjóra hjá Eddu er það ekki oft sem teflt er fram á einu kvöldi slíkum fjölda ástsælla rithöfunda bæði gróinna stórskálda og yngri höfunda. „Þannig lesa úr verkum sínum jafnt skáld á borð við Þorstein frá Hamri sem höfundar sem hafið hafa á loft íslensku spennusagnabylgjuna, þeir Viktor Arnar Ingólfsson og Ævar Örn Jósepsson að ógleymdum Arnaldi Indriðasyni. Ævisagnaritararnir Guðjón Friðriksson og Silja Aðalsteinsdóttir lesa úr vinsælum bókum sínum. Þeir Andri Snær Magnason og Hallgrímur Helgason lesa úr sögunum LoveStar og Höfundur Íslands sem nýverið komu út í kilju og Steinunn Sigurðardóttir og Einar Kárason úr bókum sem eru væntanlegar á næstunni.

Von er á heildarsafni ljóða Steinunnar og Einar Kárason hefur steypt saman bókunum Heimskra manna ráð og Kvikasilfur í eina endurskoðaða gerð sem ber nafnið Killiansfólkið.

Ari Trausti Guðmundsson les úr ljóðabókinni Í leiðinni sem kom út nýverið og væntanleg er í kilju bókin Hrapandi jörð eftir Úlfar Þormóðsson sem hann les úr. Það sem er einnig spennandi við Skáldastefnuna er að margir þeirra sem koma fram gefa út ný verk seinna á árinu og vera má að þeir lesi úr þeim. Má þar nefna Þórarin Eldjárn, Stefán Mána, Gerði Kristnýju, Úlfar Þormóðsson, Birnu Önnu Björnsdóttur og Vilborgu Davíðsdóttur.“




Arnaldur Indriðason



Gyrðir Elíasson



Steinunn Sigurðardóttir



Einar Már Guðmundsson

Að sögn Kristjáns innsigla síðan vinsælir höfundar á borð við Pétur Gunnarsson, Guðmund Andra Thorsson, Guðrúnu Helgadóttur, Kristínu Marju Baldursdóttur og Einar Má Guðmundsson þessa miklu skáldastefnu, en þess má geta að Einar Már Guðmudsson er nú sá íslenski rithöfundur sem víðast hefur farið með verk sín á seinni árum, en útgáfuréttur Engla alheimsins hefur nú verið seldur til 22 landa.

Sigurskáldið í ljóðakeppni Eddu útgáfu og Fréttablaðsins verður krýnt í kvöld og les sigurljóðið.

Vika bókarinnar

Föstudagur

Iðnó kl. 13–16 Bókaþing – 2004. Sigurður Svavarsson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, setur þingið. Rúnar Helgi Vignisson rithöfundur flytur erindið Þýðinguna eða lífið? Bókin á skjánum. Pallborðsumræður með þátttöku Sigurðar Valgeirssonar, Rúnars Gunnarssonar deildarstjórs IDD. Rúv, Magnúsar Ragnarssonar, framkvæmdastjóra Skjás 1, og fulltrúa frá Stöð 2. Hefur spennusagan engin landamæri? Niccolò Ammaniti og Katrín Jakobsdóttir bókmenntafræðingur skiptast á skoðunum. Hnignar bóklestri? Þorbjörn Broddason gerir grein fyrir niðurstöðum á könnun á fjölmiðla- og frístundavenjum íslenskra ungmenna. Pallborð: Þorbjörn Broddason prófessor, Baldur Sigurðsson dósent við Kennaraháskóla Íslands og Guðbjörg Sveinsdóttir rekstrarfulltrúi skólaskrifstofu Reykjanesbæjar.

Amtsbókasafnið á Akureyri kl. 16–18 Upplestur 9. bekkinga.

Bókasafn Grindavíkur, Kvenfélagshúsið Grindavík kl. 17 Þórarinn Eldjárn, rithöfundur, les úr eigin verkum. Barnakórinn og nemendur úr Grunnskólanum og Tónlistarskólanum skemmta með upplestri, tónlist og söng.

Í DAG

Neskirkja við Hagatorg kl. 20.30 Pamela De Sensi þverflautuleikari og Steingrímur Þórhallsson orgelleikari spila tónlist eftir J.S. Bach.

Á dagskrá verða meðal annars þrjár sónötur og einnig Passacaglia í c-moll. De Sensi hefur komið víða fram sem einleikari en starfar nú sem kennari á Selfossi. Steingrímur er mjög virkur í tónlistarlífi nú um stundir og hefur hann hlotið góða dóma fyrir einleikstónleika sína.

Hann starfar sem organisti við Neskirkju.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is

Humar eða frægð á Norðurbryggju

Á NORÐURBRYGGJU í Kaupmannahöfn verður opnunarhátíð sýningar Smekkleysu, Humars eða frægðar, í dag, föstudag og laugardag.

Hljómsveitirnar Steintryggur, Ghostigital og Slowblow koma fram. Margrét Sara Guðjónsdóttir flytur dansverk, Dómkórinn flytur nokkur lög, skáldin Sjón og Bragi Ólafsson lesa upp, Curver sér um Smekkleysumix og Úlfhildur Dagsdóttir flytur erindi um íslenska þjóðarímynd í tónlistarmyndböndum Sykurmolanna, Bjarkar, Sigur Rósar, Múm og Mínuss.

Ljósmyndir eftir Björgu Sveinsdóttur og Stefán Karlsson af Smekkleysuhljómsveitum skipa veglegan sess á sýningunni, en þar er einnig margt muna úr fórum Sykurmolanna og fleiri. Í tengslum við sýninguna verða sýndar kvikmyndirnar Rokk í Reykjavík eftir Friðrik Þór Friðriksson, Ferill Sykurmolanna eftir Jóhann Sigfússon, SSL-25 eftir Óskar Jónasson, HAM lifandi dauðir eftir Markel og Glysgirni og Lost weekend eftir Dag Kára.

Jafnframt verður úrval íslenskra tónlistarmyndbanda á sýningunni sem mun standa til 27. júlí.

Á vefsvæði Norðurbryggju, www.bryggen.dk, er að finna nánari upplýsingar.

Norræni menningarsjóðurinn, Flugleiðir, menntamálaráðuneytið, Reykjavík loftbrú og Norðurbryggja styrkja sýninguna.